

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Mjólurfélag Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Davíð Kristjánssyni, kr. 215.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1937 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. október 1939.

Nr. 86/1938. **Réttvísinn** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Þórarni Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni
(Pétur Magnússon)
og Birni Gíslasyni (Eggert Claessen).

Skjalafals, fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

I. Ákærði Þórarinn Vigfússon.

Eins og frá er greint í úrskurði hæstaréttar í máli þessu frá 6. marz þ. á., hafði ákærði Þórarinn gefið út yfirlýsingu, þar sem hann ber brögður á það, að hann hafi falsað tékka þann, að fjárhæð kr. 843.00, sem í 8. tölulið II. kafla héraðsdómsins getur. Við framhaldspróf í málinu lýsti ákærði Þórarinn hinsvegar yfir því, að hann kannaðist fúslega við að hafa falsað tékka þenna. Er og upplýst í málinu, að tékkinn er ritaður á eyðublað, sem var í vörzlum heildverzlunarinnar Heklu, og með ritvél, sem verzlunin átti og á skrifstofu hennar var á þeim tíma, er tékkinn var falsaður, en þá var ákærði Þórarinn í þjónustu verzlunar þessarar. Ákærði hefir viðurkennt að hafa falsað nafnið Jóhann Karlsson á bakhlið tékka

þessa, og kveðst hann hafa sjálfur fundið það nafn upp, en ekki átt við neinn sérstakan mann, er hétu því nafni. Ber því að heimfæra þá fölsun hans undir 277. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Með framangreindum athugunum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða Þórarins Vigfússonar.

II. *Ákærði Magnús Jónsson.*

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsing ákærða Magnúsar Jónssonar þykir mega staðfesta með skírskotun til forsendna dómsins.

III. *Ákærði Björn Gíslason.*

1. Í III. kafla hins áfrýjaða dóms er lýst meðferð ákærða Björns á víxli að fjárhæð 2000 krónur, er þeir ákærði Magnús, Jóhann Steindór Einarsson, Sigurður Steindórsson og Baldur Ásgeirsson höfðu ritað nöfn sín á. Menn þessir, að Baldri undanskildum, hafa borið það í málinu og staðfest það enn fyrir rétti eftir uppkvaðningu héraðsdómsins, að þeir hafi samið við ákærða Björn um það, að hann seldi fyrir þá víxilinn með þeim skilmálum, að þeir fjórmenn-ingarnir fengju fyrir hann 800 krónur í peningum til jafnra skipta þeirra á milli. Baldur Ásgeirsson hefir og nú verið krafinn vitnis við framhaldspróf málsins um afskipti hans af víxli þessum. Kveðst hann hafa ritað nafn sitt á víxilinn að ákærða Magnúsi einum viðstöddum, sem síðan hafi átt að semja við ákærða Björn um lán út á víxilinn. Hafi þeir gert ráð fyrir því að fá 800 krónur, og skyldi Baldur fá 200 krónur í sinn hlut. Kveðst Baldur ekki hafa hlotið neitt af andvirði víxilsins.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga, er fengizt hafa við framhaldsrannsókn málsins, svo og þess, er um þetta efni segir í forsendum héraðsdómsins, þykir mega fallast á þá niðurstöðu hans, að meðferð ákærða Björns á ofangreindum víxli varði við 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.

2. Meðal skjala þeirra, er ákærði Þórarinn falsaði veturinn 1937, var víxill að fjárhæð kr. 250.65. Er hans getið í 5. tölulið II. kafla héraðsdómsins, en fjárhæð hans misskráð þar kr. 250.00. Á víxlinum er nafn útgefanda og framseljanda skráð þannig: „Heildverzlunin Hekla p. p. Sigfús Bjarnason“, og eru orðin: „Heildverzlunin Hekla p. p.“ stimpluð á víxlinn. Víxillinn tjáist vera gefinn út á hendur Sigurði Halldórssyni, kaupmanni í Reykjavík, og er nafnið Sigurður Halldórsson falsað á stað samþykkjanda á víxlinum.

Þá er einnig meðal hinna fölsuðu skjala víxill að fjárhæð kr. 1121.35. Er hans getið í 6. tölulið II. kafla héraðsdómsins, en fjárhæð hans talin þar kr. 1125.00. Nafn útgefanda og framseljanda þessa víxils er einnig „Heildverzlunin Hekla p. p. Sigfús Bjarnason“ og falsað með sama hætti sem áður segir. Víxill þessi tjáist vera gefinn út á hendur Gestí Fanndal á Siglufirði, og er nafnið Gestur Fanndal falsað á stað samþykkjanda á víxlinum.

Báðir þessir víxlar litu því út sem venjulegir viðskiptavíxlar, gefnir út af heildverzlun á hendur viðskiptamönnum hennar og samþykktir af þeim. Fölsunin er þannig gerð, að ekki er líklegt, að menn, sem ókunnir voru rithöndum þeirra Sigfúsar Bjarnasonar, Sigurðar Halldórssonar og Gestis Fanndal, myndu veita því athygli við venjulega skoðun, að víxlarnir væru falsaðir.

Ákærði Björn tókst á hendur fyrir ákærða Þórarinn að selja ofangreindan víxil að fjárhæð kr. 250.65. Kveðst ákærði, Björn, hafa selt Sigurði nokkrum Berndsen víxilinn og fengið fyrir hann „eitthvað innan við tvö hundruð krónur“, er hann hafi afhent Þóarni. Ákærði Þórarinn kveður Björn hinsvegar aldrei hafa afhent sér neitt af andvirði þessa víxils, en ekki er upplýst í málinu, hvor réttara hefir fyrir sér um þetta atriði. Nefndur Sigurður Berndsen hefir kannazt við kaup víxils þessa af ákærða Birni.

Þá hefir ákærður Björn einnig kannazt við að hafa aðstoðað ákærða Þórarinn við sölu á fyrrnefndum víxli að fjárhæð kr. 1121.35. Hefir Sigurður Berndsen skýrt svo frá, að hinir ákærðu Björn og Þórarinn hafi komið til hans saman. Björn hafi þá tekið víxil þenna upp úr vasa sínum og farið þess á leit ásamt Þóarni, að Berndsen keypti hann. Kveðst Berndsen hafa fallizt á það. Hafi Þórarinn þá farið, en Björn orðið eftir og tekið við andvirði víxilsins. Segist hann fyrst hafa greitt Birni víxilinn „með kreppubréfum á nafnverði“, en keypt kreppubréfin jafnskjótt aftur með 25 eða 26% afföllum. Ákærði Björn telur sig hinsvegar aðeins hafa tekið við 707 eða 708 krónum, er hann hafi fært Þóarni, en Þórarinn kveður sig minna, að hann hafi fengið 760 krónur fyrir þenna víxil.

Pegar þessar sölur gerðust, var ákærði Þórarinn innheimtu- og skrifstofumaður hjá heildverzluninni Heklu og hafði 150 kr. að mánaðarlaunum að frásögn eiganda verzlunarinnar, Sigfúsar Bjarnasonar. Þórarinn var mjög skuldugur í bönkum og víðar og hafði þá um skeið einnig verið óreglusamur. Kynning hans og ákærða Björns hafði þá staðið um all-

langt skeið, eða frá því vorið 1936, og kveðst Þórarinn hafa leitað ráða og aðstoðar Björns í fjárkröggum sínum, áður en fyrrgreindar sölur fóru fram. Gegn neitun ákærða Björns er ekki sannað, að honum hafi verið kunnugt um fölsun víxlanna, þegar hann aðstoðaði við sölu þeirra. En þó að ráð sé fyrir því gert, að hann hafi þá talið víxlana ófalsaða, þá hlaut honum sem vönnum kaupsýslumanni að vera það ljóst, að Þórarinn myndi ekki hafa heimild heildverzlunarinnar Heklu til þess að selja Sigurði Berndsen viðskiptavíxla verzlunarinnar með miklum afföllum. Gat hann því ekki gengið þess dulinn, að aðstoð hans við sölu víxlanna væri þátttaka í refsiverðu athæfi ákærða Þórarins. Þessi verknaður ákærða Björns þykir eiga að varða við 255. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 1. málslíð 48. gr. og einnig 46. gr. sömu laga, þar sem víxlarnir voru í raun og veru falsaðir og heildverzlunin Hekla hafði því ekki trúað Þórarni fyrir þeim.

Ekki er fram komin í málinu örugg sönnun fyrir því, að ákærði Björn hafi aðstoðað ákærða Þórarinn við sölu fleiri falsaðra víxla.

3. Um afskipti ákærða Björns af tékkum þeim, er ákærði Þórarinn falsaði veturinn 1937, hefir komið fram í málinu það, sem hér segir:

Ákærði Þórarinn hefir skýrt svo frá, að ákærði Björn hafi eitt sinn útvegað sér 50 króna lán hjá Jóni nokkrum Hanssyni gegn tryggingu í tékka, sem hann hafi falsað nafn heildverzlunarinnar Heklu undir, en ekki kveðst Þórarinn muna, hver verið hafi fjárhæð þessa tékka. Jón Hansson hefir borið það, að ákærði Björn hafi eitt sinn mælt til þess, að hann lánaði ákærða Þórarni 50 krónur gegn tryggingu í tékka að fjárhæð 150 til 160 krónur, er út hafi

verið gefinn af heildverzluninni Heklu og undirritaður nafninu Sigfús Bjarnason. Kveður hann ákærða Björn þá hafa tjáð sér, að Þórarinn væri gjaldkeri hjá Heklu og lægi á peningum vegna verzlunarinnar. Væri sú aðferð höfð í verzluninni, að eigandinn, Sigfús, undirritaði tékka og afhenti Þóarni þá þannig, en Þórarinn útfyllti þá svo eftir þörfum. Segist Jón hafa farið með Birni og hitt Þórarinn, sem staðfest hafi, að Björn væri að biðja um peninga fyrir hann. Hafi hann þá lánað þeim félögum 50 krónur og tekið við tékkanum. Peningana kveðst hann hafa fengið greidda eftir 3 til 5 daga og þá jafnframt skilað tékkanum. Ákærði Björn kveðst ekki muna til, að hann hafi útvegað Þóarni þetta 50 króna lán, og verður það ekki talið sannað. Kveður hann Þórarinn oft hafa mælt til þess, að hann seldi fyrir hann (Þórarinn) tékka, jafnan smáa og útgefna af heildverzluninni Heklu. Hafi þá verið viðkvæði Þórarins, að verzlunin hefði „yfirdregið“ reikning sinn, en þyrfti á peningum að halda í bili.

Þá er það upplýst í málinu, að ákærði Björn útvegaði ákærða Þóarni peningalán hjá Jóni Hanssyni gegn tryggingu í tékka að fjárhæð 500 krónur, er út tjáðist vera gefinn af heildverzluninni Heklu Þóarni til handa, en nafn útgefanda hafði Þórarinn falsað. Kveður Jón Hansson báða hina ákærðu, Björn og Þórarinn, hafa átt tal við sig um lán þetta, og hafi hann fengið 50 kr. fyrir að útvega það, en af þeirri fjárhæð hafi hann greitt vexti af lánuinu. Hefir ákærði Björn við þetta kannast. Kveðst hann hafa útvegað lánið, tekið við peningunum og einnig hafi hann síðar greitt lánið með peningum, er Þórarinn hafi fengið honum. Telur hann fjárhæð tékkans, sem Jón fékk til tryggingar, munu hafa verið 550 krónur.

Loks hefir ákærði Björn kannazt við það, að um leið og hann greiddi Jóni Hanssyni síðastgreint lán, hafi hann mælt til þess, að Jón keypti lægri tékka af Þórarni, og hafi Jón haft góð orð um það. Kveður Björn Þórarinn síðan hafa afhent Jóni tékka að fjárhæð 468 kr., er Jón hafi greitt í tvennu lagi, og segist Björn hafa veitt nokkrum hluta lánsins viðtöku fyrir hönd Þórarins. Þetta hafa þeir ákærði Þórarinn og Jón staðfest, og kveðst Jón hafa átt að fá 68 kr. fyrir að útvega lánið. Ákærði Þórarinn kveður Björn hafa fengið helminginn af því, sem fékkst út á tékka þenna, en Björn kveður allt lánið hafa runnið til Þórarins.

Ákærði Björn hefir neitað því, að honum hafi verið kunnugt um föslun framangreindra tékka, er hann aðstoðaði ákærða Þórarinn við ofangreindar lántökur gegn tryggingu í tékkunum. Sá fyrirláttur hans, að hann hafi talið ákærða Þórarinn vera að útvega heildverzluninni Heklu rekstrarlán með lántökum á slíku lítilræði hjá Jóni Hanssyni gegn tryggingu í innstæðulausum tékkum, er hinsvegar svo ósennilegur, að ekki verður trúnaður á hann lagður. Aðferð sú, sem hér var höfð, að veðsetja tékka fyrir lánum, er greiða varð riflega þóknun fyrir, er svo fjarri venju og hagsýni og yfirleitt svo fjarstæð, að ákærða Birni, sem bæði hafði langa viðskiptareynslu og nán kynni af fjárkröggum Þórarins og launalágri aðstoðarstöðu hans hjá firmanu, hlaut að vera það ljóst, að tékkarnir væru falsaðir. Þessi verknaður ákærða Björns, að nota falsaða tékka til tryggingar við lántökur, verður því að teljast refsiverður samkvæmt 271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði Þórarinn hefir haldið því fram, að ákærði Björn hafi aðstoðað hann við sölu fleiri falsaðra tékka, en ekki er sannað gegn neitun ákærða Björns, að svo hafi verið.

Refsing ákærðs Björns Gíslasonar fyrir framan- greind brot hans þykir hæfilega ákveðin með til- liti til fyrri brota hans og með hliðsjón af 63. gr. almennra hegningarlaga betrunarhúsvinna í 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakar- kostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Um greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar fer sem hér segir: Ákærður Þórarinn Vigfússon og Magnús Jónsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 300 krónur. Ákærður Björn Gíslason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 300 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sak- arinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, kr. 400.00, greiði allir hinir á- kærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Björn Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í 15 mánuði.

Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi vera óraskað.

Ákærðir Þórarinn Vigfússon og Magnús Jóns- son geiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutn- ingsmanns Péturs Magnússonar, 300 krónur.

Ákærði Björn Gíslason greiði málflutnings-

laun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Eggerts Claessen, 300 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 400.00, greiði hinir ákærðu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. júní 1938.

I.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim Þórarni Vigfússyni, verzlunarmanni, til heimilis Bergþórugötu 27, Birni Gíslasyni, kaupmanni, til heimilis Grettisgötu 71, og Magnúsi Jónssyni, verkamanni, til heimilis Njálsgötu 52 B, öllum hér í bæ, fyrir brot gegn 27. kap. almennra hegningarlaga og að því, er þá Þórarinn og Björn snertir, einnig 26. kap. sömu laga. Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Þórarinn er fæddur hinn 25. júlí 1902 að Heiðarseli á Síðu. Hann hefir aldrei sætt refsingu, en hinn 12. ágúst 1935 var hann kærður fyrir sviksamlegt athæfi, málssókn gegn honum þá féll niður, með því að upphæð sú, er um var að ræða, var greidd.

Björn er fæddur 15. júní 1878 í Húsey, Hjaltastaðáþinghá. Hann hefir sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, öllum hér í Reykjavík:

1924 $1\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir hlutdeild í svikum.

1930 $\frac{8}{5}\%$ Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

1930 2% Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir samskonar brot.

1932 $\frac{2}{2}\%$ Réttarsætt: 50 króna sekt fyrir samskonar brot.

1933 2% Dómur Hæstaréttar: 12 mánaða betrunarhúsvinna og sviptur rétti æfilangt til þess að reka

eða stjórn atvinnufyrirtæki fyrir brot gegn 253. gr., 259. gr., 254. gr., 235. gr., 262. gr. sbr. 46. gr. 264. gr. 2. mgr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga.

1933 $\frac{8}{100}$ Dómur aukaréttar: 1000 króna sekt fyrir brot gegn 12. og 22. kap. hegningarlaganna.

Magnús er fæddur 3. júní 1907 að Steinsmýri í Meðallandi. Hann hefir hér í Reykjavík sætt eftirtöldum refsingum:

1935 $\frac{14}{100}$ Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 22. kap. hegningarlaganna, en dæmdur í 25 króna sekt fyrir ólöglega neyzlu áfengis á veitingahúsi.

1936 $\frac{15}{100}$ Réttarsætt: 250 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 34 1915.

II.

Hinn 23. júlí s. l. kærði Útvegsbanki Íslands yfir því, að þangað hefði borizt tékkur að upphæð kr. 843, útgefinn af Sambandi isl. samvinnufélaga á hlaupareikning þess í bankanum og undirritaður fyrir þess hönd af forstjóra þess, Sig. Kristinssyni, en sem talinn væri af útgefanda falsaður.

Lögreglan rakti þegar tékkann til ákærða Þórarins, en ekki hefir tekizt að upplýsa, hver afhenti hann í bankann.

Þórarinn viðurkenndi þegar að hafa falsað umræddan tékka og játaði jafnframt á sig eftirtalдар falsanir:

1. Í desember 1936 kveðst hann fyrst hafa falsað vixil. Var upphæðin kr. 315.00, og skrifaði hann sjálfan sig sem samþykkjanda, en Sigfús Bjarnason f. h. Heildverzlunarinnar Heklu, sem hann vann hjá, skrifaði hann sem útgefanda og notaði til þess stimpil verzlunarinnar. Þessi vixill var seldur Sigurði Berndsen fyrir milligöngu ákærðs Björns.

2. Tékkur að upphæð kr. 415.00. Sigfús Bjarnason hafði í fjarveru sinni skilið eftir nokkur óútfyllt, en undirrituð tékkeyðublöð. Tók ákærður eitt þeirra og útfyllti. Tékkann greiddi hann til Sig. Berndsen og bað að sýna hann ekki í banka í ákveðinn tíma.

3. Tékkur, sem ákærður kveðst ekki muna upphæð á,

en Jón Hansson, kaupm., fékk sem tryggingu fyrir 50 króna láni, og hefir hann upplýst, að upphæðin hafi verið 150—160 krónur.

Sem útgefanda tékkans falsaði ákærður nafn Heildverzlunarinnar Heklu.

4. Tékkur að upphæð kr. 500.00. Sem útgefanda falsaði ákærður Heildverzlunina Heklu.

Út á þenna tékka útvegaði Jón Hansson, fyrir milli-göngu ákærðs Björns, lán, er ákærður notaði til að greiða með tékka þann, er Berndsen hafði fengið.

5. Vixill að upphæð 250 krónur. Sem útgefanda skrifaði hann Heildverzlunina Heklu, en sem samþykkjanda Sigurð Halldórsson, og kveðst þar hafa átt við ákveðinn mann.

6. Vixill að upphæð kr. 1125.00. Sem útgefanda skrifaði hann Heildverzlunina Heklu, en sem samþykkjanda Gest Fanndal á Siglufirði.

Þessi vixill var seldur Sigurði Berndsen, og kveðst Þórarinn hafa varið þeim peningum, er hann fékk fyrir hann, til þess að innleysa 500 króna tékkann.

7. Tékkur að upphæð kr. 468.00, gefinn út á hlaupareikning Heildverzlunarinnar Heklu í Útvegsbankanum, og undirritaði ákærður hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar f. h. verzlunarinnar, en tók eyðublaðið úr gömlu tékkhefti, sem tilheyrði verzluninni. Þessi tékkur var settur sem trygging fyrir láni, er Jón Hansson útvegaði út á hann.

8. Áðurgreindur tékkur, gefinn út á hlaupareikning Sambands ísl. samvinnufélaga í Útvegsbankanum. Kveðst ákærði hafa séð númer hlaupareikningsins og nafn forstjórans á tékk frá Sambandinu. Þenna tékk kveðst ákærður hafa afhent Birni út á götu og beðið hann að útvega sér lán út á hann. Síðar segir hann, að Björn hafi tjáð sér, að hann hafi ekki getað útvegað lán út á tékkann og væri nú búinn að eyðileggja hann. Eins og áður er sagt, hefir ekki orðið upplýst, hver kom með tékkann í bankann.

9. Vixill að upphæð kr. 2800.00. Vixil þenna segir ákærður, að Björn hafi fengið sér, og var hann þá samþykktur af Jóhanni Einarssyni. Kveðst ákærður síðan hafa falsað að tilhlutun Björns nafn Thor Jensen sem útgefanda vixilsins. Ákærður fór með vixil þenna til Sig. Berndsen og bauð honum til kaups, en Sig. neitaði kaupunum, og hafðist því ekki fé út úr honum.

Ákærður Þórarinn hefir haldið því fram, að um allar þessar falsanir hafi hann verið í samráði við meðákærðan Björn Gíslason. Hann kveðst eitt sinn hafa eytt 50 krónum af innheimtufé, er hann hafði undir höndum, og skýrt Birni frá því. Björn bauð honum þá að selja fyrir hann vixil, og þegar ákærður Þórarinn ekki sagðist geta fengið nöfn á hann, stakk Björn upp á því, að hann falsaði nöfnin. Falsaði ákærður síðan 315 króna vixilinn og afhenti Birni daginn eftir til að selja, og samdist svo um með þeim, að Björn fengi hluta af andvirðinu, og hjálpaði honum til að greiða hann á gjalddaga. Hina aðra vixla og tékka kvaðst ákærður einnig hafa falsað í samráði við meðákærðan Björn og stundum í viðurvist hans, og veitti hann milligöngu og aðstoð við sölu þeirra sumra. Björn fékk einnig hluta af andvirðinu og skilaði engu fyrir 250 króna vixilinn og sambandstékkann. 2800 króna vixilinn kveðst hann hafa falsað beint eftir beiðni Björns.

Ákærður Þórarinn hefir þó ekki á nokkurn hátt getað stutt þessa frásögn sína um þátttöku Björns með vitnum eða á annan hátt, og hefir skýrt frá því, að allt þetta hafi farið þeim tveimur á milli án vitundar annarra. Heldur ekki hefir réttinum tekizt að leiða að því aðrar sannanir.

Ákærður Björn hefir eindregið og ákveðið neitað því að hafa tekið þátt í eða verið í vitorði með Þórarni um framangreindar falsanir.

Hann hefir skýrt svo frá, að Þórarinn hafi oft sýnt sér ýmsa pappíra og beðið sig að selja, en það hafi svo sem ekkert orðið úr því, því að pappírarnir hafi verið ónýtir. Hann hefir einnig viðurkennt að hafa átt margháttuð viðskipti við Þórarinn.

Af framangreindum víxlum og tékkum hefir hann sumpart neitað að hafa haft nokkur afskipti, en sumpart viðurkennt að hafa veitt Þórarni aðstoð við að selja eða fá lán út á. Þannig hefir hann ákveðið neitað því að hafa haft nokkur afskipti af sambandstékkannum og 2800 króna vixli þeim, er nafn Th. Jensen var falsað á. Hann hefir og ákveðið og stöðugt neitað því að hafa haft vitund um falsanir þær, er framdar höfðu verið á skjölum þeim, er hann hafði milligöngu með að selja og jafnframt að hafa þegið þóknun fyrir þá aðstoð sína.

Ákærður Þórarinn hefir ennfremur játað á sig eftirgreindar falsanir:

10. Tékkur að upphæð kr. 700.00 á sparisjóðsinnistæðu Heildverzlunarinnar Heklu í Landsbankanum. Tékkann undirritaði hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar og seldi í Sparisjóði Reykjavíkur.

11. Tékkur að upphæð kr. 250.00 á hlaupareikning Heildverzlunarinnar Heklu í Landsbankanum. Tékkann undirritaði hann nafni Sigfúsar Bjarnasonar og seldi sjálfur í bankann.

12. Tékkur að upphæð kr. 65.00 á innstæðu Halldórs kaupmanns Þórarinssonar í Sparisjóði Reykjavíkur, og falsaði hann nafn hans undir, en innstæðunúmerið kveðst hann hafa þekkt.

Frá tildrögum þessa tékks skýrir ákærður svo, að með-ákærður Magnús Jónsson hafi komið til sin og beðið sig að lána sér peninga. Hann kveðst hafa sagt Magnúsi, að peninga gæti hann ekki látið, nema með því að falsa tékk. Hann segir, að sig minni, að hann hafi skýrt Magnúsi frá því, að hann væri kominn í vandræði út úr fölsunum. Magnús varaði hann við þessu, en þó varð það úr, að Þórarinn skrifaði þarna ofangreindan tékk, og tók Magnús við honum.

Magnús hefir skýrt svo frá, að hann hafi beðið Þórarinn um peninga til að bjarga vixli, sem var að falla. Þórarinn var áður búinn að segja honum frá vandræðum sínum og kvaðst nú ekki geta hjálpað honum, nema með því að láta hann hafa falsaðan tékk. Skrifaði síðan ofangreindan tékk og fékk honum. Sagði hann honum jafnframt frá því, að hann mundi innleysa tékkann um kvöldið. Magnús sendi síðan með tékkann til að selja hann. Var þá „útgefanda“ gert aðvart og þeir Magnús og Þórarinn kallaðir upp í sparisjóð. Þar viðurkenndi Þórarinn að hafa falsað nafn útgefanda.

Sigfús Bjarnason, framkvæmdarstjóri Heklu, komst nú í málið, og viðurkenndi ákærður Þórarinn fyrir honum fyrrgreindar falsanir sínar.

Varð það úr, að framkvæmdarstjórinn hjálpaði honum til að innleysa hin fölsuðu skjöl, sem úti voru, en ákærður Þórarinn setti tryggingu fyrir.

Tókst þeim að innleysa öll hin fölsuðu skjöl nema Sam-

handstékkann, sem ákærður Þórarinn hélt, eins og áður segir, að væri eyðilagður.

Enn hefir ákærður Þórarinn viðurkennt eftirgreindar falsanir:

13. Vixill nú að upphæð kr. 850.00, seldur Landsbanka Íslands, samþykktur af Þórarni og útgefinn af Óskari Magnússyni. Meðal ábekinga vixilsins er talinn Sigurður Jónsson, Njálsgötu 12. Hann taldi sig ekki kannast við nafnrit sitt á vixlinum, en hinsvegar hefði hann áður verið ábyrgðarmaður á vixlinum. Ákærður viðurkenndi að hafa stundum falsað nafn Sigurðar á framlengingarvixla fyrir þessari skuld, þegar hann gat ekki náð í hann sjálfan.

14. Vixill nú að upphæð kr. 270.00 seldur Landsbankanum, samþykktur af Þórarni, en útgefinn og framseldur af meðákærðum Magnúsi Jónssyni. Magnús synjaði fyrir, að sin hönd væri á nafnritinu, og kannaðist Þórarinn þá við að hafa falsað nafn hans á vixilinn, en vixillinn var framlengingarvixill á vixli, er Magnús hafði gefið út fyrir ákærðan, og kveðst ákærður hafa framið fölsunina vegna þess, að Magnús var ekki í bænum á gjalddaga.

III.

Fyrir jólin 1936 skrifuðu þeir meðákærður Magnús Jónsson, Jóhann Steindór Einarsson, Sigurður Steindórsson og Baldur Ásgeirsson upp á vixil að upphæð kr. 2000.00. Var vixlinum ráðstafað af Birni.

Baldur Ásgeirsson hefir dvalið erlendis, síðan mál þetta var tekið upp, og hefir því ekki orðið leiddur sem vitni. Hinir þrír hafa allir borið það, að það hafi verið tilgangurinn með þessum vixli að fá út á hann lán að upphæð kr. 800.00, sem þeir síðan ætluðu að skipta á milli sin.

Meðákærður Magnús hefir skýrt svo frá, að hann hafi átt uppástunguna að þessari lántöku, og fékk hann Björn í málið. Björn fékk ráðið upphæð vixilsins, og í afföll áttu þeir að greiða 100 krónur, en vixillinn átti að vera til 6 mánaða. Kveðst Magnús hafa samið við Björn um að útvega lán út á vixilinn upp á þessi kjör, borið þetta síðan undir félaga sína, þeir samþykkt tilboðið og ritað vixilinn.

Þá kveðst hann hafa kvatt Björn heim til sín á Vesturgötu 24 og afhent honum vixilinn í viðurvist félaga sinna. Þó kveðst hann ekki muna, hvort Jóhann var þar viðstadd-

ur. Þar voru skilyrði þessi endurtekin, og gekkst Björn þar við þeim að nýju.

Þegar til kom og Magnús fór að krefja Björn um peningana, sagði Björn honum, að hann hefði ekki getað fengið peninga út á hann, og kvaðst hann nú geyma vixilinn í vasanum, eins og hvert annað ónýtt plagg. Kveðst Magnús ekkert hafa skipt sér af þessu frekar fyrr en hann var krafinn um greiðslu.

Magnús hefir eindregið og ákveðið haldið því fram, að Birni hafi verið óheimilt frá sinni hálfu að ráðstafa vixlinum á annan hátt en áður greinir.

Jóhann Steindór Einarsson hefir skýrt frá því, að það hafi verið sammæli þeirra fjöggra að fá 800 króna lán út á vixilinn.

Hann kveðst ekki muna til að hafa verið viðstaddur, þegar vixillinn var afhentur Birni. En oft kveðst hann hafa um þetta rætt við Björn og spurt, hvernig gengi með vixilinn, og hafi í þeim samtölum alltaf verið gengið út frá, að þeir fengju 800 krónur út á hann.

Sigurður Steindórsson hefir borið sem vitni og unnið eið að þeim framburði sínum, að vixillinn hafi verið afhentur Birni á heimili Magnúsar, Vesturgötu 24, að sér viðstöddum, og þá hafi framangreind skilyrði greinilega verið tekin fram við Björn. Segir hann, að Magnús hafi haft orð fyrir þeim félögum. Síðar sagði Magnús honum, að Birni hefði ekki tekizt að útvega lán út á vixilinn. Kveðst hann þá hafa haldið, að vixillinn hafi verið eyðilagður, þar til hann frétti, að farið væri að reyna að innheimta hann.

Báðir hafa þeir Jóhann og Sigurður synjað þess að hafa veitt Birni heimild til að ráðstafa vixlinum á annan hátt en fram var tekið.

Björn hefir skýrt öðruvísi frá viðtöku sinni á vixli þessum. Hann segir, að Magnús hafi afhent sér hann á Laugavegi 24. Í fyrstu skýrði Björn svo frá, að hann hafi átt að semja við Einar Jónsson í Klöpp, er átti 800 króna vixil á Magnús, um að láta þann vixil upp í 2000 króna vixilinn og greiða eitthvað á milli. Síðar skýrði Björn svo frá, að hann hefði tekið við vixlinum af Magnúsi til að selja fyrir eitthvað, en kveðst hafa borið það sérstaklega undir Magnús, áður en hann ráðstafaði vixlinum til Einars í Klöpp, og hafi Magnús samþykkt þá ráðstöfun.

Einar Jónsson hefir borið það sem vitni, að hann hafi keypt 2 vixla af Sigurði Berndsen og selt síðan Steini Þórðarsyni. Annar þessara vixla var að upphæð kr. 800.00 og með nöfnum þeirra ákærða Þórarins og Magnúsar. Síðar var það, að Björn bað hann að selja fyrir sig 2000 króna vixilinn og taldi sig þá raunverulegan eiganda hans. Einar bauð Steini hann til kaups, og það var Steinn, sem setti það upp, að 800 króna vixillinn gengi upp í hann. Þegar Einar bar það undir Björn, var Björn strax fús á að taka hann.

Andvirði það, er Steinn greiddi fyrir vixilinn, var auk 800 króna vixilsins: 100 krónur í peningum, 200 króna ávisun, er Steinn síðar greiddi í peningum, radiótæki, ónýtt, virt á 200 kr., 10 luktir á 10 krónur stykkið og 20 hrifur á kr. 7.50 stykkið. Auk þess er ennþá ógreitt af andvirðinu 60 hrifur á kr. 7.50. Allt andvirði vixilsins kveðst Einar hafa látið Björn fá, að undanteknum eitthvað 50 krónum, er hann kveðst hafa fengið fyrir ómak sitt, og tók af andvirði ávisunarinnar. Peningana og 800 króna vixilinn kveðst hann hafa afhent Birni, þar sem þeir voru staddir á Laugavegi 27, en án þess að taka kvittun fyrir. Ávisunina kveðst hann hafa sýnt Birni, sem strax fól honum að láta innheimta hana. Kveðst hann síðan hafa afhent Birni andvirðið jafnóðum og það innheimtist. Vörurnar kveðst hann í fyrstu hafa geymt, en síðan sent Birni.

Ákærður Björn hefir neitað þessum framburði og haldið við þá frásögn sína, er áður greinir. Hann hefir neitað að hafa tekið við peningunum og kveðst aldrei hafa heyrt getið um ávisunina og enga peninga upp úr henni haft. Hinsvegar hafi Einar lofað sér einhverju af peningum, en þeir hafi aldrei komið. Vörurnar segir hann, að Magnús hafi fengið, en kvaðst þó ekki vita, hvort hann hirti það allt.

Ákærður Magnús hefir neitað því að hafa nokkru sinni tekið við 800 króna vixlinum, enda hafi hann ekki vitað, að sá vixill var seldur. Hann kveðst heldur enga peninga hafa fengið fyrir 200 króna vixilinn. Aftur segir hann, að Björn hafi gefið sér 12 hrifur. Útvarpstæki segir hann, að Björn hafi einnig látið sig hafa til að prófa, hvort það væri nothæft. Það reyndist ekki vera, og kveðst hann þá, að fyrirlagi Björns, hafa farið með það á viðgerðarstofu, og gaf Björn þar kassann utan af því.

Samræmi hefir þannig ekki fengizt í frásagnir aðilja um ráðstöfun vixils þessa.

IV.

Hinn 29. maí 1936 afhenti Landsbanki Íslands lögreglunni vixil, er bankinn hafði keypt, að upphæð kr. 250.00, útgefinn hinn 9. febrúar 1935 til greiðslu 9. maí 1935. Sem útgefandi var talinn Sveinn læknir Gunnarsson, Óðinsgötu 1, en samþykkjandi Helgi Jónsson, Njarðargötu 7.

Höfðu þeir báðir synjað þess með eiði að hafa ritað nöfn sín á vixilinn.

Undir rannsókn máls þessa viðurkenndi ákærður Magnús Jónsson að hafa átt þátt í fölsun og sölu þessa vixils.

Hann skýrir svo frá, að með sér hafi verið Helgi Guðlaugsson og hefði hann ritað vixilinn, en í samráði við sig og að sér viðstöddum. Kveðst hann hafa haft á sér lyfseðil frá Sveini og reikning á Helga Jónsson og völdu þeir nöfnin eftir því. Þeir fengu síðan Svanþór Jónsson til þess að fara með vixilinn í Landsbankann. Afhenti hann vixilinn dyraverði bankans, en Helgi tók við peningunum, þegar þeir voru afgreiddir.

Helgi kom síðan með peningana heim til ákærðs og ætlaði að fá honum fjórða hluta andvirðisins. Þá kveðst ákærður hafa sagt honum, að hann hefði skýrt meðákærðum Þórarni frá þessu og yrði Þórarinn því að fá eitthvað til þess að þegja yfir því. Kveðst hann þannig hafa fengið nokkra peninga í viðbót. Hinsvegar kveðst hann aldrei hafa skýrt Þórarni frá þessu og hafi honum því verið ókunnugt um þetta, enda aldrei fengið þessa peninga.

Ákærður hefir þrætt fyrir það að hafa ritað nokkuð af vixlinum sjálfur.

Nöfnin eru þar rituð nokkuð á mismunandi hátt. Var vixillinn sendur til rannsóknar erlendum rithandarfræðingi ásamt rithandasýnishornum þeirra félaga. Var niðurstaða þeirrar rannsóknar sú, að sama hönd væri á texta vixilsins og rithandarsýnishorni Helga. Hinsvegar treystist rithandarfræðingurinn ekki til að fullyrða neitt ákveðið um nafn útgefanda, taldi það geta verið ritað af sama manni og textann ritaði, en benti jafnframt á nokkur líkindi milli tveggja stafa í nafninu á vixlinum og á rithandarsýnishorni ákærðs.

Mál þeirra Helga Guðlaugssonar og Svanþórs Jónssonar er rekið sérstaklega.

V.

Með fölsunum víxla og tékka, eins og rakið var í 2 hér að framan, hefir ákærður Þórarinn gerzt sekur við 271. gr. og 275. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 48. gr. og 63. gr. sömu laga. Þykir refsing hans, með tilliti til allra mála-vaxta, hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Með þátttöku sinni í fölsunum Þórarins á 65 króna tékk-anum og fölsun Helga Guðlaugssonar á 250 króna víxlinum, eins og frá var skýrt í 2 og 4 hér að framan, hefir ákærður Magnús gerzt sekur við 271. gr. sbr. 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 1 ár.

Rétturinn lítur svo á, að ekki sé framkomin sönnun fyrir þátttöku ákærðs Björns í greindum fölsunum gegn eindreginni neitun hans. Verður því af þeirri ástæðu að sýkna hann af ákærum réttvísinnar fyrir brot gegn 27. kap. hegningarlaganna.

Aftur verður rétturinn að líta svo á, að, eins og rakið er í 3 hér að framan, sé fram komin sönnun þess, að ákærður Björn hafi ráðstafað víxli þeim, er þeir Magnús Jónsson, Sigurður Steindórsson, Baldur Ásgeirsson og Jóhann Steindór Einarsson höfðu skrifað upp á, svo að varði við 255. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til fortiðar hans 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 100.00.

Ákærðir Magnús og Þórarinn greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrm., kr. 100.00.

Ákærði Björn og Þórarinn greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Ákærðir greiði allir in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Ákærður Björn sat í gæzluvarðhaldi 29. júlí til 9. ágúst, en ákærður Þórarinn frá 29. júlí til 13. ágúst.

Málið hefir verið rekið vítalaust og er gerð grein fyrir drætti þeim, sem á því hefir orðið, í prófum þess.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Þórarinn Vigfússon sæti 15 mánaða betrunarhússvinnu.

Ákærður Magnús Jónsson sæti 1 árs betrunarhússvinnu.

Ákærður Björn Gíslason sæti 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Björn greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 100.00. Ákærðir Magnús og Þórarinn greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 100.00. Ákærðir Björn og Þórarinn greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Ákærðir allir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1939.

Nr. 108/1938. **Réttvísín** (Eggert Claessen)
gegn

Carl Christian Sinius Christensen,
(Jón Ásbjörnsson)

Þórarinn Vigfússyni, Magnúsi Jónssyni
(Pétur Magnússon)

og Ragnari Kristni Pálssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Ólögmet meðferð á fundnu fé. Skjalafals.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð Carls Christensen á selskinninu varðar við 250. gr. almennra hegningarlaga. Þótt stefna í málinu á hendur honum viki aðeins að 23. og 27. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51 frá 1928, þá þykir samt mega dæma um verknað þenna í